

Alþingi
Erindi nr. P 139/1496
komudagur 25.2.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingu, 275. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að breyta ákvæði um sjómannaafslátt í lögum um tekjuskatt og færa reglur um skilyrði afsláttarins að færeyskri fyrirmynd um fiskimannafrádrátt. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að fjárhæð sjómannaafsláttar lækki ár hvert uns afslátturinn fellur niður árið 2014.

Ákvæði laga um sjómannaafslátt sem kemur til frádráttar reiknuðum tekjuskatti sjómanna er ákvörðun löggjafans og snýr ekki að samningum um kaup og kjör. Rökin fyrir sjómannaafslættinum eru þau helst að þeir sem vinna fjarri heimilum geti ekki nýtt sér samneyslu í sama mæli og aðrir. Gæta þarf jafnræðis í skattakerfinu, þ.e. að þeir sem vinna við svipuð skilyrði séu skattlagðir á svipaðan hátt, t.d. aðilar sem einnig vinna fjarri heimilum og njóta ekki samneyslunnar með svipuðum hætti og sjómenn. Við breytingar á skattkerfinu verður að líta til allra starfsstétta, en ekki taka eina út úr, og hljóta þau hlunnindi sem felast í gildandi reglum um greiðslu dagpeninga að verða hluti slíkrar endurskoðunar. Þá kemur fram í greinargerð frumvarpsins að sjómannaafsláttur tíðkast víðar en á Íslandi, m.a. á öllum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins